

**Nr. 022 / 10 Aðalbjörg II RE 236****Leki í höfn**

*Skipaskr.nr.* 1269  
*Smíðaður:* Hafnarfirði 1972 stál  
*Stærð:* 58,1 brl. 67 bt.  
*Mesta lengd:* 21,93 m *Skráð lengd:* 19,63 m  
*Breidd:* 4,8 m *Dýpt:* 2,45 m  
*Vél:* Caterpillar 339 kW 1998  
*Fjöldi skipverja:* 5



Aðalbjörg II ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNS*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafí K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 20. febrúar 2010 var Aðalbjörg II RE 236 við bryggju í Þorlákshöfn. Veður: A 9–13 m/sek.

Vegfarandi tók eftir að skipið lá mjög þungt í sjónum við bryggjuna og mikil slagsíða var á því. Hringdi hann í neyðarlínuna sem kallaði út slökkvilið með dælur. Í ljós kom að sjór var kominn í lestina og vel gekk að dæla úr henni. Mikill halli var kominn á skipið eða 30° - 40° en engar skemmdir urðu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að lekinn kom um lensilögn sem gleymst hafði að loka og einstefnuloki stóð á sér. Lensilögnin hafði verið yfirfarin í ágúst 2008;
- að skipið var tilbúið til veiðiferðar fulllestað af ís og olú. Vegna þungans fór lensiúttak undir sjólínu;
- að til að koma í veg fyrir að þetta gerðist aftur var þessu síðuúttaki lokað og slaufa sett upp úr þilfari;
- að sambærilegt mál (034/02) hefur verið afgreitt frá nefndinni.

**Nefndarálit:**

Orsök lekans var sú að gleymst hafði að loka fyrir lensilögn og einstefnuloki stóð á sér.